

Staðan í Úkraínu, nýlega ákvörðun Íslenskra stjórnvalda að kaupa skotvopn fyrir Úkraínu, Gaza svæðið og nýlega samþykkt Öryggisráðs Sameinuðu Þjóðanna um vopnahlé.

Hilmar Þór Hilmarsson prófessor við Háskólann á Akureyri ræddi við Arnþrúði Karlsdóttur og Pétur Gunnlaugsson í Heimsmálum á Útvarpi Sögu um stöðuna í Úkraínu, nýlega ákvörðun Íslenskra stjórnvalda að kaupa skotvopn fyrir Úkraínuher, Gaza svæðið og nýlega samþykkt Öryggisráðs Sameinuðu Þjóðanna um vopnahlé þar. Í umræðuna blandast svo stórveldasamkeppnin sem hefur mikil áhrif á öryggismál í öllum heiminum þessa dagana.

Úkraína er að tapa stríðinu - Hætta á að stríðið breiðist út og verði stórveldastríð.

Að mati Hilmars er staðan á vígvellinum í Úkraínu er slæm og Rússneski herinn í sókn. Rússneski herinn ræður nú yfir um 20 prósent af Úkraínu og líklegt er að yfirráðasvæði vaxi á næstu mánuðum og gæti jafnvel endað í um 40 prósent þar sem Rússneski herinn tæki jafnvel alla strandlengju Úkraínu að Svarta hafinu, borgina Kharkiv og fleiri svæði í Austur og Suður hluta Úkraínu.

Úkraínustríðið er ekki enn stórveldastríð, það er beint milli Rússlands og Bandaríkjanna, en með áframhaldandi stigmögnun gæt orðið það að mati Hilmars. Emmanuel Macron forseti Frakklands hefur talað um að senda NATO hermenn inní Úkraínu sem í raun þýddi að NATO, og þá um leið Bandaríkin, væru komin í beint stríð við Rússland. Frakkland er eitt af aðildarríkjum NATO og raunar eitt af stofnríkjunum frá 1949. Eystrasaltsríkin, til dæmis, forseti Eistlands virðast líka vera fylgjandi beinni aðild NATO að stríðinu með því að senda hermenn, ekki eingöngu vopn eins og verið hefur. Forseti Lettlands hefur talað um að taka upp herskyldu í öllum NATO ríkjum. Vilja Íslensk stjórnvöld fara þá leið?

Óljóst er hvað Macron gengur til með yfirlýsingum sínum. Hann hafði fyrir innrás Rússa 24. febrúar 2022 talað um að NATO væri heiladautt og að Evrópa þyrfti sjálfstæðan her. Nú talar hann um beina aðild NATO af Úkraínustríðinu. Að mati Hilmars er hætta á að þessi mál fari úr böndunum og að enn frekari stigmögnum eigi sér stað með ófyrirsjáanlegum afleiðingum. Macron er farinn að láta taka myndir af sér við boxæfingar væntanlega til að sýna styrk sinn sem leiðtogi Frakklands, kannski allrar Evrópu. Olaf Scholz kanslari Þýskalans kemur fyrir sjónir sem veikur leiðtogi og í raun virðist Evrópa að mestu leiðtogalaus sem kemur sér illa þegar líka er mikil óvissa í forsetakosningum í Bandaríkjunum.

Stækkun NATO og bandalag Kína og Rússlands

Því hefur verið haldið fram að Vladimir Pútín forseti Rússlands hafi viljað stækka Rússland og endurreisa Sovétríkin eða ná undir sig fleiri ríkjum og mynda einhverskonar stór Rússland. Rússland hefur hinsvegar ekki verið að ná undir sig heimum löndum síðan Sovétríkin féllu 1991. Aftur á máti hefur NATO stækkað um 16 lönd (sjá Töflu 1) frá falli Sovétríkjanna og þrjú önnur ríki Bosnía og Hersegóvína, Georgía, og Úkraína sækjast eftir aðild.

Sagt er að James Baker þá utanríkisráðherra Bandaríkjanna hafi lofað að NATO myndi ekki stækka eina tommu til austurs til viðbótar við Austur Þýskaland. Auðvitað fengu þessi 16 ríki aðild að NATO að eigin ósk, en Rússland lítur á þessa stækkun sem ógn, NATO sem

árásarbandalag, ekki varnarbandalag, og að verið sé að einangra Rússland og takmarka aðgang landsins að siglingaleiðum. 16 lönd eru klárlega meira en ein tommu.

Stækkun NATO úr 12 stofríkjum árið 1949 í 32 ríki nú gerir það að verkum að það er dýrara fyrir Bandaríkin að bera NATO uppi. Svokallað „open door policy“ þýðir mun því til lengdar að hvert aðildarríki þarf að leggja meira að mörkum og þá vakna spurningar um stöðu Íslands sem er herlaust land. Íslensk stjórnvöld hafa allaf stutt „open door policy“ og spurning hvort þau hafi hlutleitt afleiðingarnar fyrir Ísland til lengri tíma litið? Hvort þau séu tilbúin að stofna her, taka upp herskyldu og auka framlög sín til NATO til jafns við önnur aðildarríki.

Nú má spyrja hvers vegna vestræn stjórnvöld, ef þau trúðu á útþenslustefnu Rússlands, undirbjuggu sig ekki undir þess væntanlega stækkun Rússlands með framleiðslu hefðbundinna vopna sem nú eru af skornum skammti á vesturlöndum eiga sinn þátt í því að nú þarf Úkraínuher að hörfa á vígvellinum.

Tafla 1. Stækkun NATO.
NATO ríkin voru upprunalega 12 talsins, en eru nú 32. 16 lönd bæst við NATO síðan Sovétríkin féllu 1991 og 3 í viðbót sækjast eftir aðild.
1999 Pólland, Tékkland og Ungverjaland 2004 Búlgaría, Eistland, Lettland, Litáen, Rúmenía, Slóvakía og Slóvenía 2009 Albanía og Króatía 2017 Svartfjallaland 2020 Norður Makedónía 2023 Finnland 2024 Svíþjóð
Lönd sem sækjast eftir aðild að NATO: Bosnía og Hersegóvína, Georgía og Úkraína.
Heimild: NATO


Stríðið í Úkraínu eru um margt stórveldabarátta þriggja stórvelda, Bandaríkjanna annarsvegar og Rússlands og Kína hinsvegar. Úkraínustríðið hefur ýtt Rússlandi í fang Kína.

Mynd 1 sýnir er verg landsframleiðsla á jafnvirðisgengi (e. purchasing power parity) miklu hærri í Bandaríkjunum og Kína, en í Rússlandi. Sé landfræðileg stærð Rússlands, náttúuauðlindir og kjarnorkuvopnaeign hinsvegar tekin inni dæmið myndu aðrir segja að Rússland flokkist líka sem stórveldi, þó Rússland sé veikara efnahagslega, en hin stórveldin tvö.

Mynd 1 sýnir líka að verg landsframleiðsla á jafnvirðisgengi er orðin hærri í Kína en í Bandaríkjunum, þ.e. Kínversk að hagkerfið orðið stærra því Bandaríska. Samskipti Bandaríkjanna og Kína voru góð frá því fyrir fall Sovétríkjanna og héldust bærileg þar til Kínverska hagkerfið fór að slaga uppí stærð þess Bandaríska. Árið 2017 þegar Donald Trump varð forseti Bandaríkjanna og hagkerfi Kína og Bandaríkjanna verða jafn stór verða kaflaskil og samskiptin versna og hafa svo haldið áfram að versna eftir að stjórn Joe Biden tók við völdum 2021.

Kaldhæðin við þetta er meðal annars sú að það voru stofnanir sem voru settar á fót af Bandaríkjunum, Alþjóðabankinn og Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn, sem hjálpuðu Kína að breyta hagkerfi sínu úr áætlunarbúskap af Sovéskri fyrirmynd í það markaðshagkerfi sem Kína varð sem gríðarlegum hagvexti sem fylgdi í kjölfarið og Mynd 1 sýnir.

Mynd 1. Verg landsframleiðsla á jafnvirðisgengi (PPP) í milljörðum Bandaríkjadala. Kína, Rússland og Bandaríkin 1991 til 2021.



Heimild: Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn.

Fyrir Úkraínustríðið spáðu því margir að Bandaríkin myndu í auknum mæli færa herafila sinn frá Evrópu til Austur Asíu (e. pivot to East Asia) vegna uppgangs Kína. Úkraínustríðið hefur tafið þessa þróun, en án efa er Kína nú skæðasti keppinautur Bandaríkjanna. Kína gæti á næstum árum reynt að ná auknum yfirráðum í Asíu og svo í örðum heimsálfum í framhaldinu. Til lengri tíma litið er Kína meiri ógn fyrir veldi Bandaríkjanna í heiminum en Rússland.

Hryðjuverkaárásin í Rússlandi.

Það vekur athygli að Bandaríkin vöruðu Rússa við hugsanlegri hryðjuverkaárás á tónleikahöll í Rússlandi og árás var svo gerð á tónleikahöll í Moskvu skömmu síðar. Vesturlönd tengdu árásina fljótlega við ISIS sem lýsti svo ábyrgð á hendur sér.

Rússnesk stjórnvöld telja að Úkraínumenn hafi tengst árásinni og að hryðjuverkamennirnir hafi reynt að flýja til Úkraínu að áraás lokinni og að stjórnvöld þar í landi hafi undirbúið að taka á móti þeim. Þó er varla neinar áreiðanlegar upplýsingar til enn sem komið er sem styðja slíkar fullyrðingar á óyggjandi hátt. Rússnesk stjórnvöld gruna líka Bandaríkin og Bretland um græsku.

Að mati Hilmars var erfitt var fyrir Rússa að bregðast við almennri viðvörun frá Bandaríkjunum um hryðjuverk þar sem vantar bæði nákvæma staðsetningu og tíma. Einnig ekkert traust milli Bandaríkjanna og Rússlands enda hafa Vesturlönd hafa það á opinberri stefnu sinni að lama hagkerfi Rússlands vegna innrásarinnar í Úkraínu. Rússnesk stjórnvöld munu því taka öllu sem kemur frá Vesturlöndum með fyrirvara.

Ísland kaupir skotfæri fyrir Úkraínu

Nýlega var birt tilkynning á heimasíðu Stjórnarráðs Íslands um að Ísland muni styðja við innkaup Tékklands á skotfærum fyrir Úkraínu og leggja fjármuni í kaup á búnaði fyrir konur í úkraínska hernum.

Lítið framboð er sagt hafa verið af skotfærum og hefur Tékkland að sögn, í samvinnu við helstu samstarfsríki Íslands, tekið að sér að útvega skotfæri fyrir stórskotalið Úkraínu. Gert er ráð fyrir að um tveimur milljónum evra verði varið til verkefnisins af Íslands hálfu.

Utanríkisráðherra Íslands lét hafa eftir sér að „Það [sé] brýnt að halda áfram að styðja Úkraínu af krafti, en þannig leggjum við ekki aðeins okkar af mörkum til varnar íbúum landsins, heldur sömuleiðis alþjóðalögum í stærra samhengi og okkar eigin öryggishagsmunum. Stefna um stuðning við Úkraínu sem nú liggur fyrir Alþingi mun ramma þennan stuðning inn til lengri tíma, en á sama tíma ætlum við áfram að hreyfa okkur hratt og styðja við frumkvæðisverkefni af þessu tagi.“

<https://www.stjornarradid.is/efst-a-baugi/frettir/stok-frett/2024/03/25/Aukinn-studningur-vid-varnir-Ukraínu/>

Ljóst er að Úkraínnumenn eiga í erfiðleikum að manna sinn her og því er nú gripið til þess ráðs að auka hlutfall kvenna í hernum. Í tilkynningu Stjórnarráðs Íslands kemur fram að nauðsynlegt sé að koma til móts við þarfir kvenkyns hermanna er lagt upp með að útvega einkennisföt, skotheld vesti, lækni- og hreinlætisvörur fyrir 75 milljónir króna.

Þetta verður að teljast uggvænleg þróun. Vandamál við að manna her Úkraínu kemur ekki á óvart. Á undanförunu hafa sífellt eldri karlmenn verið sendir á vígvöllinn og nú er komið að því að senda sífellt herra hlutfall kvenna.

Að mati Hilmar vekur það spurningar að Íslensk stjórnvöld skuli nú grípa til þess að kaupa vopn í ljósi þess að Ísland herlaust land. Nær hefði verið að Ísland veitti borgaralega aðstoð, t.d. á sviði heilbrigðismála, sem mikil þörf er á í Úkraínu eftir meira en tveggja ára stríð.

Kaup á vopnum til að skjóta Rússneska hermann getur líka gert Íslendinga að skotmarki. Áður höfðu Íslensk stjórnvöld fjármagnað vopnaflutninga til Írak og Afganistan. Það voru að mati Hilmars slæm mistök, vopnakaupin fyrir Úkraínu sýna að hans mati dómgreindar brest hjá íslenskum stjórnvöldum. Rússland skiptir miklu meira máli fyrir Ísland en Írak og Afganistan og einhvern tíma í framtíðinni þurfa Íslensk stjórnvöld að geta rætt við Rússnesk stjórnvöld um hagsmuni á norðurslóðum.

Aðstoð Íslands við Bosníu og Hersegóvínu

Við lok stríðsins í Bosníu og Hersegóvínu nefndi Hilmar að, sem á sínum tíma var formaður svokallaðar Bosníunefndar sem skipuð var af Ríkisstjórn Íslands, að aðstoð Íslands hafi verið borgaralegs eðlis, en ekki hernaðarlegs.

Aðstoðin fólst í því að kaupa stoðtæki fyrir 1000 Bosníumenn sem höfðu misst fætur vegna jarðsprengna. Að mati Hilmars er aðstoð að þessu tagi betur viðeigandi frá landi eins og Íslandi sem er herlaust. Almenn ánægja var með þessa aðstoð há NATO á sínum tíma þó hún væri ekki hernaðarlegs eðlis. Aðstoð að þessu tagi til Úkraínu gæti gert mikið gagn þar sem gífurlegur fjöldi Úkraínkra hermanna og einnig almennir borgarar hafa örkumlast og misst fætur.

Stríðið á Gaza svæðinu, marklaus ályktun Öryggisráðsins og tvískinnungur Íslenskra stjórnvalda

Öryggisráð Sameinuðu þjóðanna krafist nýlega vopnahlés á Gaza svæðinu og að þessu sinni beittu stjórnvöld í Bandaríkjunum ekki neitunarvaldi. Sendiherra Bandaríkjanna hjá

Öryggisráðinu sagði hinsvegar að ályktunin væri ekki bindandi sem gerir hana í raun marklausa. Við þessar aðstæður er spurning hvers vegna Bandaríkin beittu ekki bara neitunarvaldi eins oft áður.

Segja má að þessi afstaða Bandaríkjanna sem tala jafnan fyrir að allar þjóðir fylgi svokallaðir „rule based international order“ sé skaðleg fyrir þann málstað. Svokallað „special relationship“ milli Bandaríkjanna og Ísrael virðist gera ómögulegt fyrir Bandaríkin að beita sér gegn Ísrael jafnvel þó aðgerðir Ísrael skaði hagsmuni Bandaríkjanna og minnki líkurnar á að Joe Biden ná endurkjöri sem forseti Bandaríkjanna í nóvember 2024.

Íslensk stjórnvöld sem hafa verið mjög hörð í stuðningi sínum við Úkraínu hafa aftur á móti verið tvístígandi í stuðningi sínum við íbúa á Gaza svæðinu. Ekki er t.d. talað um neina tjónaskrá fyrir Gaza svæðið þó það hafi að miklu leyti verið lagt í rúst og sé nánast óbyggilegt. Íslensk stjórnvöld hafa ekki sömu samúð með íbúum á Gaza og borgara Úkraínu. Mannfallið verður aldrei bætt, en ekki er talað um neinar bætur fyrir eignatjón á Gaza.